

Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga og leiðbeiningar um framkvæmd

Frá : Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>
Heiti : Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga og leiðbeiningar um framkvæmd
Málsnúmer : 2310040
Málsaðili : Innviðaráðuneytið
Skráð dags : 18.10.2023 00:00:00
Höfundur : Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>

Viðhengi [ATT00001.jpg](#)[ATT00001.jpg](#)

Tilvísun í mál: IRN23080099

Góðan dag

Innviðaráðuneytið vekur athygli á því að ný reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023 hefur verið staðfest og birt í Stjórnartíðindum, sjá [hér](#).

Reglugerðin fjallar um íbúakosningar á grundvelli 133. gr. sveitarstjórnarlaga sem ekki fara fram með rafrænum hætti. Reglugerðin hefur það markmið að einfalda og minnka umfang íbúakosninga sveitarfélaga og auka vald sveitarfélaga hvað kosningarétt varðar í ráðgefandi íbúakosningum. Reglugerðinni er jafnframt ætlað að auka lýðræðisþátttöku og sjálfbærni sveitarfélaga og þannig efla sveitarstjórnarstigið í heild.

Íbúakosningar sveitarfélaga eru af þrennum toga sem falla allar undir gildissvið reglugerðarinnar. Um er að ræða:

- Kosningar í nefnd sem fer með málefni fyrir hluta sveitarfélags, sbr. 38. gr. sveitarstjórnarlaga
- Sameiningakosningar sveitarfélaga, sbr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga
- Íbúakosningar um einstök málefni, sbr. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga

Ráðuneytið hefur jafnframt birt leiðbeiningar um framkvæmd íbúakosninga á vef sínum, [sjá hér](#).

Sérstök athygli er vakin á þeim breytingum sem hafa verið gerðar á framkvæmd íbúakosninga sem fram fara að frumkvæði sveitarstjórnar og ekki eru bindandi.

Sveitarstjórn getur nú ákveðið að halda íbúakosningu fyrir tiltekinn aldur íbúa, t.d. 16-20 ára eða 60 ára og eldri, fyrir erlenda ríkisborgara sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu eða fyrir íbúa sem hafa lögheimili í tilteknum hluta sveitarfélagsins. Auk þess er gert ráð fyrir að framkvæmd og fyrirkomulag slíkra kosninga sé mun umfangsminna en um aðrar bindandi íbúakosningar sveitarfélaga. Með þessu er sveitarfélögum gefið tækifæri til að efla lýðræðivitund og þekkingu ungs fólks og auka lýðræðisþátttöku erlendra ríkisborgara. eru sveitarfélög sérstaklega hvött til að kynna sér nýtt fyrirkomulag slíkra kosninga.

Bestu kveðjur,
Jóhanna Sigurjónsdóttir